

120 ins skulu ávallt hljóða á nafn hans. Sjóðsstjórninni ber að gera reikning árlega,
24. nóv. sem K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum lætur endurskoða og úrskurðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Vestmannaeyjum, 24. október 1934.

Sigurjón Þ. Arnason, formaður K. F. U. M. Vestmannaeyjum.

Guðlaugur Hansson.

Þorgerður Jónsdóttir, forstöðukona K. F. U. K. Vestmannaeyjum.

121

27. nóv.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnar aftur fyr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardagana fyrir páska og fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðd.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir, að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

121

27. nóv.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klukkustundir á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri $9\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík nr. 7 frá 5. janúar 1923, og breytingar á þeirri samþykkt nr. 109 frá 14. nóv. 1931, og nr. 73 frá 2. júní 1933,

121 svo og samþykkt um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða á skrifstofum í Reykjavík, staðfest 17. ágúst 1934.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

122
12. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning á fiski til Bretlands.

1. gr.

Þau veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fiski til Bretlands, svo og skip sem flytja lausan fisk, mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum: ufsa, karfa, keilu, löngu, lýsu, háfi og steinbít, en sem svarar að samanlögð 10% — tíu af hundraði — af þunga aflans.

2. gr.

Til Bretlands má ekki flytja annan fisk í kössum en lúðu, skarkola, þykkvalúru, langlúru, stórkjöftu, ýsu svo og flakaðan þorsk. Ennfremur er heimilt að flytja út þangað hrogn í kössum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. og 2. gr. þegar ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. og 2. gr. reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum.

5. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.